

Starfsábyrgðartrygging verðbréfamiðlara

Upplýsingaskjal um váttryggingu

Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

Skilmálar nr. 118 og Almennir skilmálar nr. 001

SJÓVÁ

Hér er tekið saman hvað tryggingin innifelur og hvað er undanskilið. Upptalningin er ekki tæmandi en nánari upplýsingar um trygginguna, s.s. váttryggingarfjárhæðir og eigin áhættu má finna í [skilmálum hennar](#), [Almennum skilmálum](#) Sjóvár og á tryggingarskírteininu. Þú getur farið inn á [Mitt Sjóvá](#) til að nálgast þessar upplýsingar.

Hvers konar trygging er þetta?

Starfsábyrgðartrygging verðbréfamiðlara tryggir váttrygðan fyrir tjónum sem hann kann að valda í starfi sínu. Samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 er verðbréfamiðlurum skylt að hafa starfsábyrgðartryggingu og er hún skilyrði fyrir starfsleyfi þeirra .



Hvað er tryggt?

Tryggingin greiðir bætur vegna:

- ✓ Skaðabótakröfu á hendur verðbréfamiðlara vegna mistaka eða vanrækslu sem kemur fram á gildistíma tryggingarinnar.



Hvað er ekki tryggt?

Tryggingin greiðir ekki bætur vegna:

- × Ábyrgðar sem er víðtækari en bótaskylda verðbréfamiðlara.



Eru einhverjar takmarkanir á því sem tryggingin nær yfir?

- ! Tryggingin greiðir ekki bætur vegna líkamstjóna eða skemmda á munum.



Hvar gildir tryggingin?

- Tryggingin gildir innan Evrópska efnahagssvæðisins.



Hvaða skyldur hef ég?

- Þú þarft að tilkynna tjón eins fljótt og kostur er og ekki síðar en innan árs frá tjónsdegi.
- Þú þarft að sjá til þess að allar upplýsingar á váttryggingarskírteininu séu réttar.
- Þú þarft að tilkynna okkur um breytingar á heimilisfangi, símanúmeri og netfangi.
- Þér ber að fara eftir varúðarreglum í skilmálum.



Hvenær og hvernig greiði ég iðgjaldið?

Iðgjaldið á að greiða á gjalddaga. Við útgáfu eða endurnýjun tryggingarinnar stofnast rafræn krafa í netbanka. Þú átt kost á að dreifa greiðslum iðgjaldsins með:

- Boðgreiðslu, þar sem iðgjaldið er skuldfært mánaðarlega af kredit- eða debetkorti.
- Beingreiðslu, þar sem skuldfært er mánaðarlega af bankareikningi.
- Fyrirtækjadreifingu, þar sem hægt er að greiða iðgjöld með mánaðarlegum greiðslum.



Hvenær tekur tryggingin gildi og hvenær lýkur henni?

Tryggingin tekur gildi frá samþykkt tilboðs og endurnýjast árlega þar til henni er sagt upp.



Hvernig segi ég tryggingunni upp?

- Einstaklingar og fyrirtæki með færri en fimm stöðugildi geta sagt tryggingum upp hvenær sem er og falla þær þá niður í lok þarnæsta mánaðar frá því uppsögnin berst. Önnur fyrirtæki geta sagt tryggingum upp með mánaðarfyrirvara fyrir lok tryggingatímabilsins.
- Uppsögn þarf að vera skrifleg, t.d. með rafrænni undirskrift.
- Sjóvá ber að upplýsa stjórnvöld eða eftirlitsaðila um niðurfellingu lögboðinna starfsábyrgðartrygginga, enda eru þær skilyrði fyrir starfsleyfi viðkomandi starfsstéttar.